

afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn dýraeftirlitsmanni eða lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bita skal fjarlægja og er lögreglu og dýraeftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu dýraeftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

7. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykkt þessari ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heimilt að beita hann dagsektum og svipta hann leyfi, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal leyfishafi greiða allan kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykktinni.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald nr. 523/1994.

Umhverfisráðuneytinu, 20. apríl 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag miðhluta Húsavíkurhafnar.

Á fundi bæjarstjórnar Húsavíkur þann 28. apríl 1998 var samþykkt breyting á deiliskipulagi miðhluta Húsavíkurhafnar. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreita á þremur lóðum og einnig er breytt húsafjöldi sem heimilt er að byggja á hverri lóð.

Breytingin fór í grenndarkynningu skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Byggingarfulltrúinn á Húsavík, 28. apríl 1998.

Gaukur Hjartarson.